



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

NESJAVELLIR

**Lokun hola 7, 10, 12, 14
og þrýstingsjöfnun þeirra**

Ómar Sigurðsson

OS-87010/JHD-09 B

Febrúar 1987



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr.: 611-113

NESJAVELLIR

**Lokun hola 7, 10, 12, 14
og þrýstingsjöfnun þeirra**

Ómar Sigurðsson

OS-87010/JHD-09 B

Febrúar 1987

EFNISYFIRLIT

	Blð.
1 INNGANGUR	8
2 LOKUN HOLA NG-7, NG-10, NJ-12 OG NJ-14	9
3 SAMANTEKNAR NIÐURSTÖÐUR	10
4 HOLA NG-7	12
4.1 Mælingar fyrir lokun	12
4.2 Lokun Holu NG-7	13
4.3 Holutoppsþrýstingur	14
4.4 Þrýstingsjöfnunin	14
4.5 Niðurstöður	16
5 HOLA NG-10	35
5.1 Mælingar fyrir lokun	35
5.2 Lokun Holu NG-10	35
5.3 Holutoppsþrýstingur	36
5.4 Þrýstingsjöfnunin	36
5.5 Niðurstöður	37
6 HOLA NJ-12	55
6.1 Mælingar fyrir lokun	55
6.2 Lokun Holu NJ-12	55
6.3 Holutoppsþrýstingur	56
6.4 Þrýstingsjöfnunin	56
6.5 Niðurstöður	58
7 HOLA NJ-14	76
7.1 Mælingar fyrir lokun	76
7.2 Lokun Holu NJ-14	76
7.3 Holutoppsþrýstingur	77
7.4 Þrýstingsjöfnunin	77
7.5 Niðurstöður	79
8 HOLA NJ-15	93

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Yfirlit yfir mælingar á 1400 m dýpi í NG-7	17
2 Þrýstimæling NG-7 í blæstri 86.02.06	17
3 Hitamæling NG-7 í blæstri 86.02.07	18
4 Hitamæling NG-7 86.02.10	18
5 Þrýstimæling NG-7 86.02.10	19
6 Þrýstimæling NG-7 86.03.09	19
7 Hitamæling NG-7 86.03.09	20
8 Þrýstimæling NG-7 86.04.02	20
9 Hitamæling NG-7 86.04.02	21
10 Hitamæling NG-7 86.04.03	21
11 Hitamæling NG-7 86.04.15	22
12 Þrýstimæling NG-10 86.04.15	22
13 Þrýstimæling NG-10 86.08.21	23
14 Hitamæling NG-10 86.08.24	23
15 Þrýstimæling NG-10 86.09.23	24
16 Hitamæling NG-10 86.09.23	24
17 Yfirlit yfir mælingar á 1500 m dýpi í NG-10	38
18 Þrýstimæling NG-10 86.05.28	40
19 Hitamæling NG-10 86.05.28	40
20 Hitamæling NG-10 86.06.10	41
21 Hitamæling NG-10 86.06.14	41

	Bls.
22 Prýstimæling NG-10 86.06.14	42
23 Prýstimæling NG-10 86.06.19	42
24 Hitamæling NG-10 86.06.24	43
25 Prýstimæling NG-10 86.06.25	43
26 Hitamæling NG-10 með GO-mæli 86.10.19	44
27 Hitamæling NG-10 86.10.20	45
28 Prýstimæling NG-10 86.10.20	45
29 Yfirlit yfir mælingar á 1400 m dýpi í NJ-12	59
30 Prýstimæling NJ-12 86.05.29	60
31 Hitamæling NJ-12 86.05.29	60
32 Hitamæling NJ-12 86.05.29	61
33 Hitamæling NJ-12 86.06.11	61
34 Hitamæling NJ-12 86.06.11	62
35 Prýstimæling NJ-12 86.06.11	62
36 Hitamæling NJ-12 86.06.15	63
37 Prýstimæling NJ-12 86.06.19	63
38 Hitamæling NJ-12 86.06.24	64
39 Prýstimæling NJ-12 86.06.24	64
40 Hitamæling NJ-12 með GO-mæli 86.10.21	65
41 Hitamæling NJ-12 86.10.21	66
42 Prýstimæling NJ-12 86.10.21	67

	Bls.
43 Yfirlit yfir mælingar á 1200 m dýpi í NJ-14	80
44 Þrýstimæling NJ-14 í blæstri 86.05.30	81
45 Hitamæling NJ-14 í blæstri 86.05.30	82
46 Hitamæling NJ-14 86.06.13	82
47 Hitamæling NJ-14 86.06.16	82
48 Þrýstimæling NJ-14 86.06.19	83
49 Þrýstimæling NJ-14 86.06.25	83
50 Hitamæling NJ-14 86.06.25	83
51 Hitamæling NJ-14 86.10.20	84
52 Þrýstimæling NJ-14 86.10.20	84
53 Yfirlit yfir vatnsborðsmælingar í NJ-15	95
54 Hitamæling NJ-15 86.04.02	96
55 Þrýstimæling NJ-15 86.06.15	96
56 Hitamæling NJ-15 með GO-mæli 86.10.11	97
57 Hitamæling NJ-15 86.10.11	98
58 Þrýstimæling NJ-15 86.10.11	98

MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Yfirlitskort af Nesjavöllum	11
2 Þrýstiferlar NG-7	25
3 Þrýstiferlar NG-7	26
4 Þrýstiferlar NG-7	27
5 Hitaferlar NG-7	28
6 Hitaferlar NG-7	29
7 Hitaferlar NG-7	30
8 Þrýsti- og hitabreytingar á 1400 m dýpi í NG-7	31
9 Þrýsti- og hitabreytingar á 1400 m dýpi í NG-7 eftir lokun	32
10 Samsvörun mældrar og reiknaðrar þrýstingshækkunar á 1400 m dýpi í NG-7	33
11 Hornergraf fyrir þrýstingshækkun á 1400 m dýpi í NG-7 ..	34
12 Þrýstiferlar NG-10	46
13 Þrýstiferlar NG-10	47
14 Hitaferlar NG-10	48
15 Hitaferlar NG-10	49
16 Hitaferlar NG-10	50
17 Þrýsti- og hitabreytingar á 1500 m dýpi í NG-10	51
18 Þrýsti- og hitabreytingar á 1500 m dýpi í NG-10 eftir lokun	52
19 Samsvörun mældrar og reiknaðrar þrýstingshækkunar á 1500 m dýpi í NG-10	53
20 Hornergraf fyrir þrýstingshækkun á 1500 m dýpi í NG-10 ..	54
21 Þrýstiferlar NJ-12	68

	Bls.
22 Þrýstiferlar NJ-12	69
23 Hitaferlar NJ-12	70
24 Hitaferlar NJ-12	71
25 Hitaferlar NJ-12	72
26 Þrýsti- og hitabreytingar á 1400 m dýpi í NJ-12	73
27 Þrýsti- og hitabreytingar á 1400 m dýpi í NJ-12 eftir lokun	74
28 Hornergraf fyrir þrýstingshækkun á 1804 m dýpi í NJ-12 ..	75
29 Þrýstiferlar NJ-14	85
30 Þrýstiferlar NJ-14	86
31 Hitaferlar NJ-14	87
32 Hitaferlar NJ-14	88
33 Þrýsti- og hitabreytingar á 1200 m dýpi í NJ-14	89
34 Þrýsti- og hitabreytingar á 1200 m dýpi í NJ-14 eftir lokun	90
35 Samsvörun mældrar og reiknaðrar þrýstingshækkunar á 1200 m dýpi í NJ-14	91
36 Hornergraf fyrir þrýstingshækkun á 1200 m dýpi í NJ-14 ..	92
37 Hitaferlar NJ-15	99
38 Hitaferlar NJ-15	100
39 Þrýstiferlar NJ-15	101
40 Yfirlit yfir vatnsborðsbreytingar í NJ-15	102
41 Vatnsborðsbreytingar í NJ-15 frá borlokum	103
42 Vatnsborðsbreytingar í NJ-15 eftir lokun NG-10	104
43 Samsvörun mældrar og reiknaðrar vatnsborðshækkunar í NJ-15 vegna lokunar NG-10	105

1 INNGANGUR

Um áramótin 1985/86 hélt Hitaveita Reykjavíkur fundaröð með ráðgjöfum sínum um stöðu jarðvísindarannsókna og hermireikninga á jarðhitakerfi Nesjavalla. Á fundunum kom fram, að gerð hermilíkans af jarðhitakerfi Nesjavalla væri vel á veg komin en til að fá betri prófun á líkanið voru settar fram nokkrar tillögur um rekstur borhola á Nesjavöllum. Lagt var til að blásandi holur yrðu hafðar í fullum blæstri fram yfir miðjan júní 1986 en bá skyldi öllum holum sem hægt yrði lokað. Enn fremur var lagt til að hola NG-5 yrði kæfð sem fyrst og gerð að mælingarholu. Í holu NG-5 skyldi þrýstingsjöfnun holunnar mæld en síðan ætti að athuga hvort áhrif af blæstri annara hola mældust í holunni. Sama skyldi athugað í holu NJ-15 með því að mæla vatnsborð í henni reglulega en holan var enn í upphitun eftir borun.

Athugun á hvort hægt væri að breyta holu NG-5 í mælingarholu, hófst 19. desember 1985 kl. 13:00 með því að hert var að henni. Með þessu var athugað hvort holan hefði tilburði til að kafna ef rennslið yrði lítið. Svo var ekki óx þrýstingur á holutoppi úr 10 barg í 38 barg á tveim tímum. Skemmdir voru á holutoppbúnaði NG-5 og því ekki talið ráðlegt að hafa mikinn þrýsting á honum. Þegar einsýnt var að þrýstingur á holutoppinn myndi ekki lækka í bráð var opnað aftur fyrir holuna um kl. 21:10 og hafði þrýstingur þá staðið í 38 barg allan daginn. Af þessu var ljóst að til að kæfa holuna yrði að dæla í hana köldu vatni. Þann 16. janúar 1986 var hola NG-5 kæfð með því að dæla í hana köldu vatni úr læknum sem er skammt austan við holuna. Til verksins var notaður borinn Ýmir og er kæfingunni lýst nánar í viðauka I. Eftir að borinn hafði verið tekinn af holunni og holan byrjuð að hitna aftur óx þrýstingurinn á toppinn ört og var kominn í 25 barg fjórum tímum eftir að kæfingu lauk. Um klukkan 23:30 um kvöldið var toppþrýstingurinn kominn í 48 barg og fór enn hækkandi. Aðalloka var þá lokað eins og hægt var. Eftir miðnætti um kl. 00:20 var toppþrýstingurinn kominn í 57 barg og leki byrjaður með neðri kraga á aðalloka. Var þá brugðið á það ráð að blæða úr holunni. Toppþrýstingurinn lækkaði þá fljótlega í 47 barg og leki hætti. Blæðingu var haldið áfram yfir nóttina og hafði þrýstingurinn á holutoppinn lækkað í tæplega 40 barg um kl. 8 að morgni 17. janúar. Toppþrýstingurinn virtist ekki ætla að lækka niður fyrir 40 barg sem var álitnið að væri of hár þrýstingur til að láta holutoppbúnaðinn standa undir að staðaldri. Holu NG-5 var því hleypt aftur í blástur um hádegi 17. janúar og þar með hætt við að gera hana að mælingarholu.

2 LOKUN HOLA NG-7, NG-10, NJ-12 OG NJ-14

Þegar ljóst var að verulegum erfiðleikum var bundið að gera holu NG-5 að mælingarholu var hola NG-7 valin í staðinn. Hola NG-7 var notuð til reksturs tilraunastöðvarinnar svo nokkurn undirbúning þurfti fyrir lokun holunnar til að færa reksturinn yfir á holu NG-5. Eins og sést á mynd 1 er hola NG-7 skammt frá NG-5 og miðsvæðis auk þess að vera dýpri og opin í botn. Ástand holu NG-7 var mun betur þekkt en holu NG-5 og því hinn ákjósanlegasti kostur. Áður en holu NG-7 yrði lokað var ráðgert að mæla hita og þrýsting í henni blásandi. Þessar mælingar hófust 5. febrúar 1986, en gengu nokkuð erfiðlega, þar sem mælarnir biluðu vegna hristings í blásandi holunni. Þrýstimæling tókst 6. febrúar í fyrstu atrennu með því að hafa hert að holunni og byrja mælinguna frá botni. Hitamæling tókst eftir alls fimm tilraunir degi síðar og var farið eins að og í þrýstimælingunni. Í þrýstimælingunni var rennslið úr holunni um 23,0 kg/s og í hitamælingunni um 19,6 kg/s, en fullt rennsli úr holunni var 35,6 kg/s.

Holu NG-7 var lokað laugardaginn 8. febrúar 1986, klukkan 12:42. Enn urðu vandræði í mælingu þar sem klukka stoppaði um það leyti sem holunni var lokað og fékkst því ekki samfelldur ferill fyrir þrýstingshækkunina heldur aðeins tvö (2) gildi þ.e. þrýstingur við lokun og eftir tveggja tíma lokun þegar mælirinn var tekinn upp aftur. Næstu mánuðina var síðan fylgst með þrýstingsjöfnun holu NG-7 og var síðasta mælingin í þeim tilgangi gerð 23. september 1986.

Í framhaldi af því sem áður sagði var laqt til að holum NG-10, NJ-12 og NJ-14 yrði lokað í júní 1986, en þær voru einu holurnar í blæstri sem hægt var að loka með góðu móti (Viðauki II). Aðrar holur sem voru í blæstri (NG-5, NG-6, NG-9, NJ-11, NJ-13 og NJ-16) byggja upp háan þrýsting á holutopp fljótlega eftir lokun og því ekki æskilegt að láta þær standa lokaðar. Áður en holunum var lokað voru þær hita- og þrýstimældar dagana 28. til 30. maí 1986. Í holu NJ-14 voru þessar mælingar gerðar með holuna blásandi á svipaðan hátt og gert var í holu NG-7 og tókust þessar mælingar vel. Byrjað var á að loka holu NG-10 þann 9. júní 1986 klukkan 14:01, þá holu NJ-12 þann 10. júní klukkan 9:23 og loks holu NJ-14 þann 12. júní klukkan 15:01. Á innan við tveim sólarhringum kafnaði hola NG-10 þ.e. var þrýstingslaus á holutoppi og hola NJ-12 kafnaði á tæpum sólarhring. Hola NJ-14 hélt aftur á móti lágum þrýstingi á holutoppi. Næstu mánuði var fylgst með þrýstingsjöfnun holanna og voru þær síðast mældar 20. og 21. október 1986. Nánari lýsingar á lokun holanna, mælingum og niðurstöðum þeirra er að finna í köflunum um hverja einstaka holu hér aftar. Hér á eftir eru niðurstöðurnar dregnar saman í stuttu máli.

3 SAMANTEKNAR NIÐURSTÖÐUR

Helstu niðurstöður sem dregnar eru af þrýstingsjöfnun hola NG-7, NG-10, NJ-12 og NJ-14 eftir blástur eru teknar hér saman ásamt áhrifum lokunar holanna á vatnsborð í holu NJ-15, sem notuð var sem mælingahola.

Varanlegur niðurdráttur í jarðhitakerfinu vegna blásturs hola NG-7, NG-10, NJ-12 og NJ-14 er ekki merkjanlegur nema við holu NG-7. Þar virðist vera rúmlega 4 bar niðurdráttur.

Vatnsleiðni metin út frá hegðun þrýstingshækkunar í holunum er svipuð eða nokkru hærri en áætlað var út frá þrepaðælingum við borlok. Þannig fæst vatnsleiðnin fyrir NG-7 sem $4,2 \times 10^{-8} \text{ m}^3/\text{Pas}$, fyrir NG-10 sem $5,7 \times 10^{-8} \text{ m}^3/\text{Pas}$ og fyrir NJ-14 sem $4,2 \times 10^{-8} \text{ m}^3/\text{Pas}$. Vegna einkennilegrar hegðunar í gögnunum sem fengust fyrir holu NJ-12 var ekki hægt að meta vatnsleiðnina fyrir þá holu á sama hátt. Gögnin benda þó til að vatnsleiðni við holu NJ-12 sé í hærri kantinum á því sem áætlað var út frá þrepaðælingunni og geti verið allt að $6,4 \times 10^{-8} \text{ m}^3/\text{Pas}$.

Þrýstifall frá jarðhitakerfinu yfir í holurnar vegna rennslistregðu í og við holuveggi er töluvert í holum NG-7 og NJ-14. Í þessum holum er þrýstifallið verulega rennslisháð. Þrýstifallið er mun minna í holu NG-10, en ekki var unnt að meta það fyrir holu NJ-12.

Lokunar holu NG-10 verður mjög fljótt vart í holu NJ-15, en áhrifa af lokun holu NG-7 varð ekki vart í NJ-15. Fjarlægð milli hola NJ-15 og NG-10 er um 415 m, en um 998 m milli NJ-15 og NG-7. Vatnsborðshækkun í holu NJ-15 vegna lokunar holu NG-10 er um 7,7 m auk þess sem vatnsborðshækkun vegna upphitunar í holunni sjálfri er áætluð um 2,7 m á sama tíma. Hegðun vatnsborðshækkunar holu NJ-15 getur bent til að tregleiðandi skil takmarki aðstreymi að holum NJ-15 og NG-10. Líkan sem tekur tillit til þessa og notað var til að herma vatnsborðshækkun NJ-15 bendir til að vatnsleiðni milli hola NJ-15 og NG-10 sé allt að tífalt meiri, en vatnsleiðni sem er talin vera í næsta umhverfi holu NG-10 sem og metin er fyrir aðrar einstakar holur. Ennfremur áætla líkanið fjarlægðina til skilanna rúmlega 2,2 km. Stefna og lega skilanna er óþekkt en færa má líkur að því að þau séu austan við holurnar.

4 HOLA NG-7.

4.1 Mælingar fyrir lokun

Dagana 5. - 7. febrúar 1986 voru gerðar nokkrar hitamælingar og ein þrýstimæling í holu NG-7 blásandi. Fyrsta hitamælingin var gerð síðdegis 5. febrúar. Fyrir mælingu var holan blásandi við 11 barg toppþrýsting. Holunni var lokað í 10 mínútur á meðan hitamælinum var komið fyrir í holutoppnum, en síðan hleypt upp aftur. Strax við lokunina fór þrýstingur í 17,5 barg og á þessum 10 mínútum óx hann í 24,5 barg. Eftir að holan var komin í blástur að nýju var hitamælinum slakað niður og stoppað í mælipunktum í 3 til 6 mínútur. Illa gekk að fá mælinn til að sökkva á móti fullum blæstri (35,6 kg/s) þó mælir væri þyngdur með lóði. Því varð strax í 720 m að herða að holunni til að fá mæli til að sökkva greiðlega, en við það óx toppþrýstingurinn. Tvisvar enn þurfti að herða að holunni svo toppþrýstingur fór í rúm 16 barg. Þegar mælirinn var tekinn upp kom í ljós að mælingin hafði mistekist vegna ýmis konar bilana í mælinum, sem höfðu orsakast af hristingi sem mælirinn varð fyrir í holunni. Meðal annars hafði órói losnað í klukku og splitti brotnað í færslugír mælisins.

Önnur hitamæling var reynd daginn eftir. Til að hlífa mælinum var ákveðið að byrja mælinguna frá botni þannig að mælinum var slakað í botn með holuna lokaða, en síðan var holunni hleypt upp. Holunni var því lokað í 25 mínútur á meðan mælir var settur í botn, þá hleypt upp og beðið í botni í u.þ.b. 60 mínútur til að holan næði blástursjafnvægi. Til að forða því að mælir flyti upp varð að herða að holunni er mælirinn var í 1000 m. Er mælir kom upp kom í ljós að klukkan hafði stoppað í byrjun hífingar og mæling því mistekist.

Næst var gerð þrýstimæling á sama hátt og áður er lýst. Var holunni lokað í 27 mínútur meðan mælir var settur í botn, þá hleypt upp og beðið í botni í 69 mínútur. Mælt var á 100 m fresti frá botni upp í 1200 m dýpi (mynd 2) og var holutoppþrýstingi haldið stöðugum allan tímann við 19 barg. Rennslið á meðan mælingin var gerð var því 23,0 kg/s í stað 35,6 kg/s við fullopið rennsli. Þegar mælingunni í 1200 m var lokið var mælirinn settur í 1400 m og holunni lokað í skamman tíma. Með þessu var vonast til að fá upplýsingar um hegðun holunnar fyrstu mínúturnar eftir lokun. Er mælirinn kom upp sást að klukkan hafði gengið út í 1200 m og lokunin því ekki mælst, en mælingin að öðru leyti tekist vel.

Að morgni 7. febrúar var gerð þriðja tilraun til að ná hitamælingu í holunni blásandi. Var farið eins að og áður, en sleði í mæli slúðraði út á leiðinni niður, líklega vegna snuðs í klukkugír. Eftir hádegi

sama dag var fjórða tilraun gerð sem einnig mistókst vegna bilunar. Um kvöldið var reynt í fimmta sinn og nú með betri árangri. Sami háttur var hafður á og áður, holunni lokað í 33 mínútur meðan mælir var settur í botn, þá hleypt upp og beðið í botni í 64 mínútur. Mælt var á hundrað metra fresti frá botni upp í 1000 m og síðan gisið upp (mynd 5). Holutoppsþrýstingur var stöðugur út mælinguna við rétt rúm 23 barq sem samsvara rennslinu 19,6 kg/s.

Ef litið er á myndir 2 og 5 virðist suðuborð í takmörkuðum blæstri vera á eða rétt neðan við 1000 m dýpi. Í fullum blæstri virðist hins vegar að holan sjóði sig í botn og skýrir það t.d. kælipunkturinn sem mælist í botni.

4.2 Lokun Holu NG-7

Þegar mælingum á hita- og þrýstiferlum í blæstri var lokið var gert klárt fyrir lokun holunnar. Það hófst 8. febrúar klukkan 9:38 með því að holunni var lokað og þrýstimæli með 48 tíma klukku rennt niður á holubotn. Þá var holan opnuð aftur kl. 10:03 og látin blása á fullu (35,6 kg/s) til kl 12:42 að holunni var endanlega lokað. Mælir var hífður í 1400 m dýpi kl 12:48, en það skyldi vera viðmiðunardýpi í síðari þrýstijöfnunarmælingum. Í upphitunarmælingum eftir borun holunnar var vendipunktur ákvarðaður á þessu dýpi og mælingar á 1400 m dýpi því taldar lýsa best ástandi holunnar.

Rúmum tveim tímum eftir lokun holunnar eða kl. 15:05 var þrýstimælirinn tekinn upp. Í ljós kom að klukkan hafði stoppað eftir um 90 mínútur á holubotni eða rúmri klukkustund fyrir lokun holunnar. Því náðist ekki samfelldur ferill fyrir byrjun þrýstihækkunarinnar heldur aðeins tvö þrýstigildi þ.e. þrýstingur rétt eftir lokun og fyrir hífingu úr 1400 m. Vegna þessa var mældur þrýstipunktur í 1400 m til að fá örugglega briðja gildið snemma á þrýstingshækkuninni. Eftir það var þrýstimælirinn enn settur niður með 48 tíma klukku til að liggja í holunni til að fá samfellda mælingu. Mælirinn var tekinn upp aftur 10. febrúar og sýndi sig að enn einu sinni hafði klukkan stoppað eftir tvo tíma í 1400 m.

Yfirlit yfir mælingarnar á 1400 m dýpi í holu NG-7 er að finna í töflu 1 og eru þær sýndar á mynd 8. Mælingar á öllum þrýsti- og hitaferlum holunnar til 23. september 1986 eru birtar í töflum 2-16 og sýndar á myndum 2-7.

4.3 Holutoppsprýstingur

Fyrir lokun holu NG-7 var búist við að holan þyldi ekki lokunina og að holan myndi kafna á tiltölulega skömmum tíma. Byggðist þessi ágiskun m.a. á hegðun holunnar við blenduskipti fljótlega eftir að holan hóf blástur 1984. Í kringum blástursmælingarnar í byrjun febrúar 1986 kom fljótlega í ljós að holan væri ekki sérlega viðkvæm. Oft þurfti að loka fyrir holuna í 20-30 mínútur og hækkaði þrýstingur í hvert sinn allan lokunartímann. Þegar holunni var síðan lokað 8. febrúar hækkaði toppþrýstingurinn á rúmum hálf tíma úr 11,5 barg og upp í 34,5 barg. Þar náði hann hámarki og tók síðan að falla. Á næstu tveim tímum féll þrýstingurinn í 19 barg, en þá hætti þrýstingurinn nærri að falla og virtist ná jafnvægi við rúm 17 barg. Holan virtist þá standa full af vatni og sú litla blæðing sem verið hafði á holunni því gagnslítill.

Þegar mælir var tekinn úr holunni 10. febrúar hafði holutoppsprýstingurinn vaxið í 25 barg. Holan hafði verið í blæðingu sem nam lekanum um legglokann. Þá var holan sett í blæðingu um tappa með 5 mm gati. Toppþrýstingur hélst þannig stöðugur við um 24 barg næstu daga, en fór síðan lækkandi í 21,5 barg 9. marz þegar skipt var um blæðingartappa. Nú var settur tappi með 3 mm gati og enn lækkaði toppþrýstingurinn þannig að 3. apríl var hann kominn í 17,5 barg. Laugardaginn 12. apríl taka menn á Nesjavöllum eftir að toppþrýstingur NG-7 er farinn að hækka aftur og er kominn í 36 barg þegar holan er mæld 15. apríl. Toppþrýstingurinn hélt áfram að hækka og var kominn í um 41 barg í maí. Þannig hefur hann haldist nær stöðugur síðan og hefur engu breytt þó blæðing hafi verið aukin eða holunni fulllokað.

Af hita- og þrýstimælingunum frá 15. apríl (myndir 4 og 7) má ráða að suða hefur aukist á um 1000 m dýpi þannig að þrýstingur þar fyrir ofan vex, án þess að það hafi áhrif þar fyrir neðan, eins og t.d. á 1400 m (mynd 8). Líkleg skýring á aukinni suðu er að gasstyrkur æða á þessu dýpi hafi aukist. Ástæðan fyrir auknu gasi í þessum æðum á þessum tíma er ekki þekkt.

4.4 Þrýstingsjöfnunin

Við upphitun holunnar eftir borun í nóvember 1983 var vendipunktur í þrýstimælingum ákvarðaður á 1400 m dýpi. Þetta dýpi var því valið sem viðmiðunardýpi fyrir þrýstimælingar sem gerðar yrðu við og eftir lokun holunnar. Ástæðan fyrir þessu vali er að þar sem vendipunktur í þrýstimælingum finnst er talið að þrýstingur í holunni sé í jafnvægi við þrýsting í jarðhitakerfinu. Samkvæmt þessu var upphafsþrýstingur jarðhitakerfisins mældur á 1400 m dýpi á bilinu 112,5 - 112,7 barg. Á þessu sama dýpi var berghiti talinn vera um 265°C.

Hola NG-7 var sett í blástur 13. júlí 1984 um kl. 14. Í byrjun var rennslið úr holunni rúm 47 kg/s en minnkaði á næstu 6 mánuðum í tæp 36 kg/s og hélst þannig nokkuð stöðugt þar til holunni var lokað 8. febrúar 1986 klukkan 12:42. Fyrir lokun var rennslið úr holunni 35,6 kg/s. Sé miðað við að rennslið hafi verið 35,6 kg/s frá því hola var sett í blástur var blásturstími holunnar orðinn 13355,2 klst. Þetta er reiknaður blásturstími fyrir ákveðið rennsli, þannig að rennslinu fyrir lokun er deilt í massann sem hefur verið tekinn upp. Magnið sem hefur verið tekið úr holunni er um 1,71 milljónir tonna.

Eftir að holunni var lokað var fylgst með jöfnun þrýstings og hita á 1400 m dýpi í holunni fram til 23. september 1986 og hafði hola þá verið lokað í alls 5453,3 klst. Í töflu 1 er birt yfirlit yfir þær mælingar sem voru gerðar á 1400 m dýpi og þær sýndar á mynd 8. Mynd 9 sýnir sömu gögn teiknuð á logaritmískan tímaskala frá lokun holunnar. Af myndunum sést að þrýstingurinn hækkar mjög ört fyrstu klukkustundina, en er síðan hægt stígandi út það tímabil sem fylgst var með holunni. Á mynd 10 sést þetta betur, en þar hefur verið settur inn reiknaður þrýstiferill sem best fellur að mæligildunum. Ferillinn er reiknaður samkvæmt fræðilegu líkani sem gerir ráð fyrir að jarðhitakerfið sé óendanlega stórt umhverfis holuna. Auk þess gerir líkanið ráð fyrir fleiri einföldunum fyrir jarðhitakerfið s.s. einsleitni og fastri þykkt. Fyrir holu NG-7 passar reiknaður þrýstiferill nokkuð vel við mæligildin út allt tímabilið. Þó er líklegt að í síðustu mæligildunum sé að nást þrýstijafnvægi og gildir þetta líkan þá ekki lengur.

Niðurstöður þessa líkans benda til að þrýstingur á 1400 m dýpi í holunni blásandi sé um 44 barg. Tregðustuðull holunnar er mjög hár $s = +23,9$ sem bendir til mikils þrýstifalls við holuna. Þetta kemur m.a. fram í því að þrýstingur hækkar mjög ört strax eftir lokun upp í rúm 99 barg á um tveim tímum, en síðan rólega eftir það. Samband holunnar við jarðhitakerfið er því nokkuð tregt samkvæmt þessu. Líkanið metur vatnsleiðnina sem $4,2 \times 10^{-8} \text{ m}^3/\text{Pa s}$. Við lok borunar 1983 var vatnsleiðnin áætluð út frá ádælingu á holuna sem $2,1 \times 10^{-8} \text{ m}^3/\text{Pa s}$. Vatnsleiðnin er því talin um tvöfalt meiri nú, en var áætlað við borlok. Álitid er að vatnsleiðnigildið sem fæst nú lýsi betur ríkjandi ástandi við holuna. Vatnsrýmd vatnsleiðandi laga metur líkanið sem $7,9 \times 10^{-10} \text{ m}^3/\text{Pa}$, en óvíst er hvernig skuli túlka það hér.

4.5 Niðurstöður

Til að fá mat á ríkjandi meðalþrýsting í jarðhitakerfinu umhverfis holu NG-7 var þrýstingsjöfnunin teiknuð á svo nefnt Hornergraf (mynd 11). Þá eru mæligildin teiknuð á móti logaríthmanum af tímahlutfallinu $(t + dt)/dt$ þar sem t er heildar blásturstími miðað við fast rennsli og dt er tíminn frá því holunni var lokað. Eftir því sem lokunartíminn vex nálgast tímahlutfallið að vera 1. Þannig er hægt að framlengja hegðun þrýstingsjöfnunarinnar að þrýstingsásnum á mynd 11 ($(t+dt)/dt = 1$) og lesa þar af meðalþrýstinginn í jarðhitakerfinu á 1400 m dýpi. Ef þetta er gert fæst meðalþrýstingurinn 108,4 barg í jarðhitakerfinu við holu NG-7. Upphafsprýstingur í jarðhitakerfinu var mældur um 112,6 barg, þannig að þetta þýðir um 4,2 bar niðurdrátt við holu NG-7 við núverandi aðstæður.

Við holu NG-7 er nú rúmlega 4 bar niðurdráttur í jarðhitakerfinu. Auk þess verður í kerfinu niðurdráttur sem er háður tíma þegar holan er í blæstri og milli 55 og 60 bar þrýstifall frá jarðhitakerfinu yfir í holuna. Þetta þrýstifall er verulega rennslisháð.

Vatnsleiðni er metin $4,2 \times 10^{-8} \text{ m}^3/\text{Pa s}$.

TAFLA 1 YFIRLIT YFIR MÆLINGAR A 1400 m DYPI
 NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 107 ADF.NR: 5222

ALMENNT EFTIRLIT

Dagsetn.	Tími	Þrýstingur bar	Dýpi á nema m	Hiti °C	Rennsli kg/s	ATHUGASEMDIR
860206	2033	67.80	1400.00	263.30	-23.00	Po19. Pc.95 W15.7
860208	1242	52.00	1400.00	263.30	-35.60	HOLU LOKAD, CA. P
860208	1248	52.17	1400.00	263.30	0.00	48 TÍMA KLUKKA
860208	1505	99.30	1400.00	263.30	0.00	GEKK EKKI
860208	1730	101.18	1400.00	263.30	0.00	BLÆTT A LEGGLOKA
860208	1830	101.58	1400.00	263.30	0.00	ÖNNUR 48h KLUKKA
860208	1910	102.16	1400.00	263.30	0.00	
860208	1950	102.32	1400.00	263.30	0.00	
860208	2030	102.44	1400.00	263.30	0.00	KLUKKA STOPPAR
860210	1305	104.46	1400.00	253.80	0.00	CA. MAX NEMI UPP
860210	1651	103.64	1400.00	253.80	0.00	
860214	1204	105.03	1400.00	255.60	0.00	BLÆTT UM 5mm GAT
860220	1801	106.38	1400.00	255.60	0.00	+3m DYPIS SKEKKJA?
860309	1739	106.62	1400.00	261.10	0.00	BLÆÐING UM 5mm GAT
860402	1413	107.21	1400.00	259.00	0.00	BLÆÐING UM 3mm GAT
860415	1830	107.18	1400.00	257.50	0.00	BLÆÐING UM 3mm GAT
860513	1349	107.20	1400.00	256.00	0.00	
860609	1103	106.69	1400.00	254.50	0.00	BLÆÐING UM 5mm GAT
860612	1354	106.82	1400.00	254.50	0.00	FRA 86.05.31
860616	1850	107.01	1400.00	254.50	0.00	BLÆÐINGU HÆTT
860703	1413	107.51	1400.00	254.50	0.00	WKM VAR LOKADUR
860821	1713	107.56	1400.00	260.70	0.00	Po=41 bar
860923	1802	107.91	1400.00	266.80	0.00	

TAFLA 2

NESJAVELLIR HOLA NG-7

HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 107 ADF.NR: 6222

ÞRÝSTINGSMÆLING Dagsetning 860206 Tími 1855 Mælir EL-68556. Kvörðun nr. 850906.
 MÆLT AF BS/GjG/ÓMAR Vatnsborð 0.00 m Rennsli 23.00 l/s Holutoppþrýstingur 19.00 ba

DÝPI m	ÞRÝSTINGUR bar	ATHUGASEMDIR
1200.00	52.97	MÆLT UPP Í BLÆSTRI
1300.00	60.18	ÞRENGT AD HOLU Á
1400.00	67.80	LEGGLOKA. HOLU
1500.00	75.59	LOKAD MEDAN MÆLIR
1600.00	83.23	ER SETTUR NIÐUR
1700.00	90.86	CA. 25 MÍNÚTUR.
1800.00	98.15	
1900.00	104.94	
1965.00	109.18	

TAFLA 3

NESJAVELLIR HOLA NG-7

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STAÐS.NR: 107 AÐF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 860207 Tími 1852 Mælir EL-68555. Kvörðun nr. 860605.
MÆLT AF BS/GjG/ÓMAR Vatnsborð 0.00 m Rennsli 19.60 l/s Holutoppþrýstingur 23.00 ba

DÝPI m	HITI °C	ATHUGASEMDIR
0.00	227.70	MÆLT UPP Í BLÆSTRI
400.00	234.30	HERT AÐ HOLU Á
800.00	250.40	LEGGLOKA. HOLU
1000.00	258.70	LOKAÐ MEÐAN MÆLIR
1100.00	263.00	ER SETTUR NIÐUR
1200.00	263.80	CA. 30 MÍNÚTUR.
1300.00	262.60	
1400.00	263.30	
1500.00	263.90	
1600.00	270.60	
1700.00	275.50	
1800.00	291.60	
1900.00	302.50	
1965.00	291.30	

TAFLA 4

NESJAVELLIR HOLA NG-7

HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STAÐS.NR: 107 AÐF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 860210 Tími 1335 Mælir EL-68555. Kvörðun nr. 860605.
MÆLT AF GjG/GuH Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 24.20 bar

DÝPI m	HITI °C	ATHUGASEMDIR
0.00	214.90	MÆLT NIÐUR
200.00	238.30	HOLA STAÐIÐ LOKUÐ
400.00	253.00	FRÁ KL 1242 860208
600.00	266.40	
800.00	277.50	
900.00	282.00	
1000.00	256.70	
1100.00	261.80	
1200.00	266.00	
1300.00	253.80	
1400.00	253.80	
1500.00	251.90	
1600.00	246.90	
1700.00	248.10	
1800.00	248.30	
1900.00	254.90	
1969.00	283.90	

TAFLA 5

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 107 AÐF.NR: 6222

ÞRÝSTINGSMÆLING Dagsetning 860210 Tími 1550 Mælir EL-68556. Kvörðun nr. 850906.
MÆLT AF GJG/GuH Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 24.20 bar

DÝPI	ÞRÝSTINGUR	ATHUGASEMDIR
m	bar	
0.00	22.55	MÆLT NIÐUR
100.00	26.44	HOLAN STAÐID LOKUÐ
200.00	33.01	FRÁ KL 1242 860208
300.00	39.44	
500.00	49.74	
600.00	54.48	
700.00	59.81	
800.00	64.27	
900.00	68.81	
1000.00	73.37	
1100.00	81.21	
1200.00	88.20	
1300.00	96.07	
1400.00	103.64	
1500.00	111.17	
1600.00	119.24	
1700.00	126.98	
1800.00	134.77	
1900.00	142.37	
1969.00	148.16	

TAFLA 6

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 107 AÐF.NR: 6222

ÞRÝSTINGSMÆLING Dagsetning 860309 Tími 1647 Mælir EL-68556. Kvörðun nr. 850906.
MÆLT AF GuG/ÓMAR Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 23.00 bar

DÝPI	ÞRÝSTINGUR	ATHUGASEMDIR
m	bar	
0.00	22.90	MÆLT NIÐUR
200.00	31.69	HOLA HEFUR VERID
400.00	43.42	A BLÆÐINGU UM
600.00	54.59	5 mm GAT
800.00	66.12	
900.00	71.53	
1000.00	76.67	
1100.00	84.03	
1200.00	91.52	
1300.00	98.91	
1400.00	106.62	
1500.00	114.12	
1600.00	121.85	
1700.00	129.78	
1800.00	137.63	
1900.00	145.27	
1969.00	150.38	

TAFLA 7

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STAÐS.NR: 107 AÐF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 860309 Tími 1329 Mælir EL-68555. Kvörðun nr. 860605.
MÆLT AF GuG/ÓMAR Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 22.00 bar

DÝPI m	HITI °C	ATHUGASEMDIR
0.00	206.50	MÆLT NIÐUR
200.00	230.70	HOLAN HEFUR VERID
400.00	250.50	A BLÆÐINGU UM
600.00	264.90	5 mm GAT
800.00	277.90	
900.00	283.70	
1000.00	289.30	
1100.00	266.60	
1200.00	265.70	
1300.00	265.80	
1400.00	261.10	
1500.00	257.50	
1600.00	249.80	
1700.00	249.30	
1800.00	248.40	
1900.00	253.40	
1969.00	277.70	

TAFLA 8

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STAÐS.NR: 107 AÐF.NR: 6222

ÞRÝSTINGSMÆLING Dagsetning 860402 Tími 1330 Mælir EL-68556. Kvörðun nr. 850906.
MÆLT AF GjG/ÓMAR Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 17.00 bar

DÝPI m	ÞRÝSTINGUR bar	ATHUGASEMDIR
0.00	17.46	MÆLT NIÐUR
200.00	30.27	HOLAN HEFUR VERID
400.00	42.85	Á BLÆÐINGU UM
600.00	54.63	3 mm GAT FRÁ
800.00	65.92	9 MARZ 1986
900.00	71.45	
1000.00	77.29	
1101.00	84.79	
1201.00	92.19	
1300.00	99.62	
1400.00	107.22	
1500.00	114.83	
1600.00	122.61	
1700.00	130.43	
1800.00	138.57	
1900.00	146.19	
1963.00	150.84	

TAFLA 9

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 107 ADF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 860402 Tími 1505 Mælir EL-68555. Kvörðun nr. 860605.
MÆLT AF GjG/ÓMAR Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 17.00 bar

DÝPI m	HITI °C	ATHUGASEMDIR
200.00	229.40	MÆLT NIÐUR
400.00	250.60	STIRÐUR SLEÐI I
600.00	265.30	MÆLI

TAFLA 10

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 107 ADF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 860403 Tími 0955 Mælir EL-68555. Kvörðun nr. 860605.
MÆLT AF GjG/ÓMAR Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 17.20 bar

DÝPI m	HITI °C	ATHUGASEMDIR
0.00	185.20	MÆLT NIÐUR
800.00	276.10	HOLAN HEFUR VERID
900.00	281.70	A BLÆÐINGU UM
1000.00	287.70	3 mm GAT FRA
1100.00	270.10	9 MARZ 1986
1200.00	268.10	
1300.00	264.20	
1400.00	259.00	
1500.00	253.00	
1600.00	245.00	
1700.00	244.60	
1800.00	243.70	
1900.00	252.20	
1963.00	273.30	

TAFLA 11

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 107 ADF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 860415 Tími 1325 Mælir EL-68555. Kvörðun nr. 860605.
MÆLT AF GuG/JH Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppbrýstingur 35.90 bar

DÝPI m	HITI °C	ATHUGASEMDIR
200.00	243.30	MÆLT NIÐUR
400.00	256.80	HOLAN HEFUR VERIÐ
600.00	268.90	Á BLÆÐINGU UM
800.00	279.70	3 mm GAT, EN
900.00	284.30	EINNIG ER NÚ LEKI
1000.00	272.70	MEÐ FLANGSI Á
1100.00	266.60	3" LOKA
1200.00	270.80	
1300.00	262.50	
1400.00	257.50	
1500.00	252.90	
1600.00	245.60	
1700.00	246.90	
1800.00	246.10	
1900.00	255.80	
1964.00	279.80	

TAFLA 12

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆDISNR: 153 STADS.NR: 107 ADF.NR: 6222

BRÝSTINGSMÆLING Dagsetning 860415 Tími 1736 Mælir EL-68556. Kvörðun nr. 850906.
MÆLT AF GuG/JH Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppbrýstingur 35.90 bar

DÝPI m	BRÝSTINGUR bar	ATHUGASEMDIR
200.00	37.76	MÆLT NIÐUR
400.00	48.05	HOLAN HEFUR VERIÐ
600.00	57.67	Á BLÆÐINGU UM
800.00	67.66	3 mm GAT
900.00	72.51	HOLAN LOKUÐ MILLI
1000.00	77.41	KL 16:00 - 17:30
1100.00	84.81	
1200.00	92.03	
1300.00	99.77	
1400.00	107.19	
1500.00	115.00	
1600.00	123.09	
1700.00	130.44	
1800.00	138.44	
1900.00	146.28	
1964.00	151.31	

TAFLA 13

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 107 AÐF.NR: 6222

ÞRÝSTINGSMÆLING Dagsetning 860821 Tími 1630 Mælir EL-68556. Kvörðun nr. 850906.
MÆLT AF BS/GuG Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 41.00 bar

DÝPI m	ÞRÝSTINGUR bar	ATHUGASEMDIR
0.00	40.14	MÆLT NIÐUR
400.00	50.60	HOLAN KÖLD Í TOPPI
601.00	59.04	
800.00	67.87	
900.00	72.34	
1000.00	76.95	
1100.00	84.71	
1200.00	92.33	
1300.00	100.02	
1400.00	107.56	
1500.00	115.37	
1600.00	123.12	
1700.00	130.84	
1800.00	138.40	
1970.00	151.21	

TAFLA 14

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STADS.NR: 107 AÐF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 860824 Tími 1408 Mælir EL-58109. Kvörðun nr. 830111.
MÆLT AF BS/GuG Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 40.00 bar

DÝPI m	HITI °C	ATHUGASEMDIR
400.00	258.50	MÆLT NIÐUR
600.00	269.40	HOLAN HEIT Í TOPPI
800.00	281.40	
900.00	285.00	
1000.00	290.60	
1100.00	263.00	
1200.00	261.40	
1300.00	260.60	
1400.00	260.70	
1500.00	261.70	
1600.00	265.60	
1700.00	269.30	
1800.00	281.70	
1900.00	291.90	
1970.00	302.40	

TAFLA 15

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STAÐS.NR: 107 AÐF.NR: 6222

PRÝSTINGSMÆLING Dagsetning 860923 Tími 1700 Mæli EL-68556. Kvörðun nr. 850906.
MÆLT AF ÓMAR/JH Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 43.50 bar

DÝPI m	ÞRÝSTINGUR bar	ATHUGASEMDIR
0.00	39.66	CA. Po
420.00	51.08	HOLUTOPPUR KALDUR
600.00	59.23	MÆLT NIÐUR
800.00	68.27	
900.00	72.71	
1000.00	77.43	
1100.00	85.00	
1200.00	92.68	
1300.00	100.25	
1400.00	107.90	
1500.00	115.54	
1600.00	123.24	
1700.00	130.81	
1800.00	138.27	
1968.00	150.70	

TAFLA 16

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HRNR: 8715 SVÆÐISNR: 153 STAÐS.NR: 107 AÐF.NR: 6242

HITAMÆLING Dagsetning 860923 Tími 1910 Mæli EL-58109. Kvörðun nr. 830111.
MÆLT AF ÓMAR/JH Vatnsborð 0.00 m Rennsli 0.00 l/s Holutoppþrýstingur 43.50 bar


DÝPI m	HITI °C	ATHUGASEMDIR
400.00	258.00	HOLUTOPPUR KALDUR
600.00	269.30	MÆLT NIÐUR
800.00	281.00	
900.00	286.90	
1000.00	291.10	
1100.00	267.30	
1200.00	266.60	
1300.00	266.50	
1400.00	266.80	
1500.00	267.60	
1600.00	271.00	
1700.00	274.70	
1800.00	288.60	
1900.00	298.20	
1968.00	307.70	



JHD-BM-8715.Omar
87.03. 0227. T/SyJ


Mynd 2

NESJAVELLIR HOLA NG-7 ÞRYSTINGSMÆLINGAR




Mynd 2 Þrýstiferlar NG-7

NESJAVELLIR HOLA NG-7 ÞRYSTINGSMÆLINGAR



Mynd 3 Þrýstiferlar NG-7

NESJAVELLIR HOLA NG-7 ÞRYSTINGSMÆLINGAR




Mynd 4 Þrýstiferlar NG-7

JHD-BM-8715. Omar
87.03.0230. T/SyJ

Mynd 5

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HITAMÆLINGAR




Mynd 5 Hitaferlar NG-7

JHD-BM-8715.Omar
87.03.0231 T/SyJ.

Mynd 6

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HITAMÆLINGAR




Mynd 6 Hitaferlar NG-7

JHD-BM-8715. Omar
87.03. 0232. T/SyJ

Mynd 7

NESJAVELLIR HOLA NG-7 HITAMÆLINGAR




Mynd 7 Hitaferlar NG-7

Mynd 8

JHD-BM-8715-0mar
87.03. 0233. T/SyJ

NESJAVELLIR HOLA NG-7
PRYSTINGSHÆKKUN




Mynd 8 Prýsti- og hitabreytingar á 1400 m dýpi í NG-7

JHD-BM-8715-0mar
87.03. 0234 T/Sy

Mynd 9.

NESJAVELLIR HOLA NG-7 PRYSTINGSHÆKKUN




Mynd 9 Prýsti- og hitabreytingar á 1400 m dýpi í NG-7 eftir lokun

JHD-BM-8715-0mar
87.03. 0235. T/Syj

Mynd 10

NESJAVELLIR HOLA NG-7 ÞRYSTINGSHÆKKUN




Mynd 10 Samsvörun mældrar og reiknaðrar þrýstingshækkunar á 1400 m dýpi í NG-7

Mynd 11

JHD-BM-8715-Omar
87.03. 0236. T/SyJ.

NESJAVELLIR HOLA NG-7
HORNERGRAF



Mynd 11 Hornergraf fyrir þrýstingshækkun á 1400 m dýpi í NG-7

5 HOLA NG-10

5.1 Mælingar fyrir lokun

Undirbúnings hita- og þrýstimælingar voru gerðar í holu NG-10 þann 28. maí 1986. Heildarrennsli úr holunni reiknast þá vera 43,5 kg/s. Byrjað var á að mæla þrýstiferil niður holuna (mynd 12) og var holunni lokað kl. 14:40 og stóð hún lokað til kl. 16:15 meðan mælingin var gerð. Þrýstingur á holutoppi hækkaði fljótlega eftir lokun holunnar úr 18,8 barg í 25,4 barg en fór síðan lækkandi meðan holan var lokað og var kominn niður í rúm 17 barg, þegar holunni var hleypt upp aftur. Holunni var nú leyft að blása meðan hitamæling var undirbúin. Klukkan 17:42 var holunni lokað aftur og hitaferill mældur niður holuna (mynd 14). Holutoppsprýstingur breyttist á svipaðan hátt og fyrr og hafði lækkað niður í um 16 barg þegar holunni var hleypt í blástur kl. 19:30.

5.2 Lokun Holu NG-10

Þegar undirbúningsmælingum í holu NG-10 lauk blés holan ótrufluð til 9. júní 1986 að holunni var lokað kl. 14:01. Rennsli fyrir lokun var 41,5 kg/s. Þrýstimælir með 3 tíma klukku var settur niður og var hann á 1500 m dýpi í holunni kl. 14:22, sem var valið sem viðmiðunardýpi í holu NG-10 fyrir síðari mælingar. Óflugasta að holunnar er talin vera á rúmlega 1500 m dýpi og í upphitun virðist þrýstijafnvægi milli holunnar og jarðhitakerfisins vera á þessu dýpi.

Mælirinn, sem fyrst fór niður, var tekinn upp um tveim tímum síðar. Klukkan bilaði á leiðinni upp og var því skipt um klukku, áður en mælirinn var settur niður aftur. Eftir aðra tvo tíma var mælirinn tekinn upp og nú sett í hann 24 tíma klukka, áður en hann fór niður aftur, nú tengdur við spil á kerru. Eftir að mælirinn var tekinn upp 10. júní var holan hitamæld en síðan var þrýstimælirinn settur niður með 48 tíma klukku.

Nánara yfirlit yfir mælingar af 1500 m dýpi í holu NG-10 er að finna í töflu 17 og eru bær sýndar á mynd 17. Mældir þrýsti- og hitaferlar í holunni til 20. október 1986 eru birtir í töflum 18-28 og sýndir á myndum 12-16.

5.3 Holutoppsprýstingur

